

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skal greiða fasteignaskatt af fasteignum í lög-sagnarumdæmi Hafnarfjarðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|---|----|
| 1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs | 2% |
| 2. — verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs, bryggj-
um og álíka mannvirkjum | 1% |

Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúða og lóðum, sem þær standa á, greiðist enginn skattur.

Sé húseign notuð bæði til atvinnurekstrar og íbúðar greiðist skatturinn aðeins af þeim hluta, sem notaður er til atvinnurekstrar. Við ákvörðun skattsins skal miða við stærð hins skattskylda hluta hússins og skatturinn síðan ákveðinn hlutfallslega eftir fasteignamati.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skattinn skal reikna í heilum krónum.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröf-

um, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, 164 er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. 17. nóv.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

165

um fasteignaskatt í Neskaupstað.

17. nóv.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Neskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum	2 %
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum	1 %
3. — túnnum, gördum, reitum og öðrum lóðum og lendum	0.5%

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna eftir heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 100.00 greiðist enginn skattur.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur innan tveggja mánaða, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt lögum um útsvör.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veð-